

Námsgrein: Íslenska

10. bekkur

Tíma fjöldi á viku: 3 klukkustundir og 1 klukkustund inni í Bland í Borgó.

Kennarar: Áslaug Guðfinna og Guðrún Sædís

Kennsluaðferðir og skipulag:

Leitast er við að hafa kennsluaðferðir sem fjölbreyttastar, þ.e. sjálfstæða vinnu nemenda, innlagnir frá kennara, umræður, hópavinnu, einstaklingsvinnu og framsögn. Nemendur sinna yndislestri jafnt heima og í skóla og vinna kjörbókarverkefni að minnsta kosti tvisvar yfir veturinn. Unnið er samkvæmt aðferðum leiðsagnarmats sem þýðir að nemandinn fær með reglulegum og skipulegum hætti upplýsingar um hvernig hann er staddur í náminu. Áhersla er lögð á mikilvægi þess að nemandi ber ábyrgð á sínu eigin námi.

Grunnþættir menntunar

Grunnþáttur	Áhersluþættir grunnþátta menntunar Áhersla er lögð á:
Læsi	að virkja læsi nemenda í gegnum áhugasvið þeirra. Einnig er áhersla á fjölbreyttar lestraraðferðir og að allur lestur er viðurkenndur.
Sjálfbærni	að kenna nemendum að nota viðeigandi hjálpargögn, svo sem hljóðbækur, orðabækur, villupúka og svo framvegis.
Heilbrigði og velferð	að byggja upp og auka sjálfstraust nemenda til í að koma fram og skila eigin verkum.
Lýðræði og mannréttindi	að vera með í ráðum þegar kemur að verkefnaskilum. Lögð er áhersla á að nemendur nýti styrkleika sína og þær leiðir sem henta hverju sinni.
Jafnrétti	að nemendur, út frá eigin forsendum, hafi jöfn tækifæri til náms og nálgunar viðfangsefna.
Sköpun	að hvetja nemendur til sköpunar í gegnum ritun, tjáningu og túlkun eigin verka og annarra.

*Kennsluáætlunin er birt með fyrirvara um breytingar.

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið/ markmið	Mat
Bókmenntir og ljóð Málfræði Ritun Stafsetning	Kjalnesingasaga Kuldi Smásögur Kjörbók Yndislestrarbækur Málið í mark Ritunarbókin Verkefni frá kennurum Nemendamiðuð málfræði	Nemandi getur: • lesið almenna texta af öryggi og með góðum skilningi, lagt mat á þá og túlkað. • lesið, túlkað, metið og fjallað um fjölbreyttar íslenskar og erlendar bókmenntir og gert sér grein fyrir gildi bókmennta. • fjallað um skáldsögur og notað til þess hugtökin tími, umhverfi, sjónarhorn, boðskapur, persónusköpun og aðal- og aukapersónur. • notað algeng hugtök í bragfræði í umfjöllun um bundið mál og óbundið, lesið og túlkað ljóð af ýmsum toga og frá ýmsum tímum. • valið sér lesefni til gagns og ánægju og komið fram sem sjálfstæður lesandi sem gerir sér grein fyrir gildi þess að lesa. • beitt skipulegum vinnubrögðum við ritun, skipað efnisatriðum í röklegt samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar. • tjáð hugmyndir sínar og skoðanir og fært rök fyrir þeim í rituðu máli, samið texta frá eigin brjósti og er óhræddur við að beita ríkulegu tungutaki í skapandi ritun. • valið og skrifað mismunandi textagerðir sem hæfa viðkomandi verki og beitt mismunandi orðaforða og málsmiði við hæfi. • flett upp í handbókum, orðasöfnum og rafrænum orðabönkum og nýtt sér málfræðilegar upplýsingar sem þar er að finna.	• Laxdælulota í Bland • Íslenskulota í Bland. • Íslenskumarkmið í samþættingu. • Kjörbókarverkefni • Ýmis verkefni frá kennurum. • Bókmenntaverkefni • Þátttaka og virkni í tímum.

		• beitt helstu málfræðihugtökum í umræðu um notkun málsins og þróun þess. • áttað sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka og gert sér grein fyrir hlutverki þeirra í eigin texta og annarra. • gert sér grein fyrir eðli og einkennum margvíslegra textategunda og gert öðrum grein fyrir því. • áttað sig á skyldleika íslensku við önnur mál og að tungumál, þar á meðal íslenska, breytast sífellt, áttað sig á og beitt sköpunarmætti tungumálsins og nýtt það m.a. við ritun, tal, við nýyrðasmíð, í orðaleikjum og skáldskap.	
Lestur og lesskilningur	Útbrot Ýmis verkefni frá kennurum. Allur lestur!	Nemandi: • eykur orðaforða sinn og lesskilning með margvíslegum lestrarverkefnum. • getur valið og beitt mismunandi aðferðum við lestur. • getur greint og skilið aðalatriði og aukaatriði í margs konar texta og glöggvað sig á tengslum efnisatriða. • getur gert ert sér grein fyrir eðli og einkennum margvíslegra textategunda. • Skilið mikilvægi þess að geta lesið og eftt eigið læsi.	• Valin skilaverkefni • Verkefni frá kennurum. • Virkni og þátttaka í tímum
Áhorf	Íslenskar kvikmyndir og þættir: Til dæmis: • Kuldi • Með allt á hreinu • Nýtt líf • Systrabönd • Kappsmál • Ferðalok	Nemandi: • getur nýtt sér fjölmiðla, svo sem útvarp, sjónvarp, kvikmyndir og rafrænt efni og tekið afstöðu til þess sem þar er birt. • getur hlustað, tekið eftir og nýtt sér upplýsingar í töluðu máli til fróðleiks og skemmtunar, einnig notið myndefnis, upplestrar, leikins efnis og tónlistar og gert grein fyrir skoðun sinni á viðkomandi efni.	• Verkefni metin. • Njóta og hafa gaman af því að leika sér með íslenskuna.

	• Orðbragð • Hlaðvörp • Netskrafl • Orðasnakk • Spil	• hefur fengið tækifæri til að leika sér með tungumálið t.d. í myndagátum, krossgátum, þrautum og ýmiss konar orða-og málleikjum.	
Ritgerðarskrif og heimildavinna	Heimildaritgerð Heimildaskráning	Nemandi getur: • notað helstu aðgerðir við ritvinnslu, valið viðeigandi heimildir, vísað til þeirra og sett í heimildaskrá svo sem reglur kveða á um. • beitt reglum um réttritun, hefur náð góðu valdi á stafsetningu og gerir sér grein fyrir að rétt stafsetning er virðing við mál, texta og lesanda. • skrifað skýrt og greinilega og beitt ritvinnslu af öryggi, notað orðabækur og önnur hjálpargögn, gengið frá texta, vísað til heimilda og skráð þær. • beitt skipulegum vinnubrögðum við ritun, skipað efnisatriðum í röklegt samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar. • leitað og aflað sér heimilda úr ýmsum gagnabrunnum og lagt mat á gildi og trúverðugleika ritaðs máls, svo sem fjölmiðla- og margmiðlunarefnis, og tekið gagnrýna afstöðu til þess.	• Metið út frá viðmiðum um árangur.
Framsögn og tjáning	Kynningar Umræður Ræða	Nemandi getur: • gert sér grein fyrir eðli góðrar framsagnar og framburðar og nýtir sér leiðbeiningar um framsögn, svo sem um áherslu, tónfall og hrynjandi.	Metið út frá viðmiðum um árangur.

		• flutt mál sitt skýrt og áheyrilega og hefur tileinkað sér viðeigandi talhraða og fas. • átt góð samskipti þar sem gætt er að máli, hlustun, tillitssemi, virðingu og kurteisi.	
--	--	--	--